

AUGLÝSING

(II) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2009/2010 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

Borgarfjarðarhreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Borgarfjarðar eystri með eftirfarandi viðauka/breytingum:

6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

Blönduóssbær.

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Blönduóssbæjar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Skipta skal helmingi úthlutaðs byggðakvóta, 50 þorskígildistonnnum, jafnt milli umsækjenda sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, en 50 þorskígildistonnnum skal skipt samkvæmt ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar.

Dalvíkurbyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Dalvíkurbyggðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) b-liður 1. gr. reglugerðar nr. 82/2010 fellur niður.
- b) c-liður 1. gr. reglugerðar nr. 82/2010 breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. febrúar 2010 ... o.s.frv.
- c) Upphaf 6. gr. reglugerðar nr. 82/2010 breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan sveitarfélagsins afla sem nemur, ... o.s.frv.

Grýtubakkahreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Grýtubakkahrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Byggðakvóta Grenivíkur 150 þorskígildistonnnum skal skipta þannig:

- a) c-liður 1. gr. reglugerðarinnar fellur niður.
- b) 55,5 þorskígildistonnnum skal skipta jafnt milli fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar eftir breytingu.
- c) 94,5 þorskígildistonnnum verði skipt hlutfallslega á þau sömu skip miðað við úthlutað aflamark á grundvelli aflahlutdeildar í bolfiski 1. september 2009 í þorskígildum talið.
- d) Ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun fellur niður.

Seyðisfjörður.

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Seyðisfjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

15 þorskígildislesta hámark skv. 4. gr. fellur niður.

Árneshreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Árneshrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Byggðakvóta Árneshrepps 16 þorskígildistonnnum skal skipta jafnt á milli fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.

- b) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

Sveitarfélagið Skagaströnd.

Ákvæði reglugerðar nr. 82 frá 29. janúar 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Sveitarfélagsins Skagastrandar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) b-liður 1. gr. reglugerðar nr. 82/2010 fellur niður.
- b) 20 þorskígildistönnum verður úthlutað jafnt til fiskiskipa sem uppfylla ákvæði reglnanna og áttu hlutdeild í Húnaflóarækju 1. september 2009.
- c) 80 þorskígildistönnum verður skipt samkvæmt ákvæðum 4. gr. reglugerðarinnar.
- d) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. breytist og verður 25 þorskígildistönnu hámarksúthlutun í stað 15. Hámarkið gildi um samanlagða úthlutun úr báðum flokkum, þó skal við úthlutun fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða (Húnaflóarækja).
- e) Fiskiskip eiga rétt á úthlutun úr báðum liðum b og c.
- f) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað ... o.s.frv.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. mars 2010.

F. h. r.

Hinrik Greipsson.

Kristján Freyr Helgason.

B-deild – Útgáfud.: 3. mars 2010